

Vegagerðin
Kristján Kristjánsson
Dagverðardal
400 Ísafjörður

2001070003
4803; 9310

Reykjavík, 6. maí 2002
/--

Efni: Djúpvegur (61): Eyrarhlíð - Hörtná. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Djúpveg (61): Eyrarhlíð - Hörtná, Súðavíkurbreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 21. mars 2002 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Djúpvegur (61): Eyrarhlíð - Hörtná. Tillaga að matsáætlun.
Mars 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Súðavíkurbreppi, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun og veiðimálastjóra. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Súðavíkurbreppi með bréfi dags. 26. apríl, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. apríl 2002, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 2. apríl 2002, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 15. apríl 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 15. apríl 2002, Siglingastofnun með bréfi dags. 6. apríl 2002 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 4. apríl 2002.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 18. apríl, 22. apríl 2002 og einnig tölvupósti dags. 6. apríl, 9. apríl, 12. apríl, 18. apríl og 30. apríl 2002.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 6., 9., 12., 18., 22. og 30. apríl 2002 og með eftirfarandi athugasemdum.

Gróður

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kafla 2.1, 2.4, 2.6.1, 5.3, 5.3.3 og 6 er m.a. fjallað um gróðurfar og hvernig fyrirhugað er að standa að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfar. Þar kemur m.a. fram að fyrirhugaður vegur muni að hluta og eftir valkostum liggja um votlendi, skóglendi og svæði á náttúruminjaskrá með sérstæðu gróðurfari. Í ljósi þessa og umsagnar Náttúruverndar ríkisins telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að þar sem um nýlagningu vegar verður að ræða sem mun hafa áhrif á viðkvæm svæði eins og t.d. votlendi og skóglendi, verði unnið gróðurkort og það verði birt í matsskýrslu. Í matsskýrslu þarf að fjalla um sérstöðu gróðurfars með hliðsjón af gróðri utan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Jafnframt að fjalla um tegundir háplantna með fyrirhuguðum veglínunum og sérstöðu þeirra á héraðs- og landsvísu. Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir lágplöntum nema fyrirbyggjandi gögn gefi tilefni til að ætla sérstöðu þeirra. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að skoða fyrirbyggjandi gögn um láglandisgróður við Ísafjarðardjúp í samráði Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hægt verði að nýta við matsvinnuna.

Fuglar og ferskvatnsfiskur

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kafla 2.1, 2.4, 2.6.2, 5.3, 5.3.2 og 6 er m.a. fjallað um fugla og hvernig fyrirhugað er að standa að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Þar kemur m.a. fram að fyrirhugaður vegur muni að hluta og eftir valkostum liggja um fjörur, leirur, tjarnir, votlendi, skóglendi, Hrótey og svæði á náttúruminjaskrá með fjölskrúðugu fuglalífi. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um áhrif framkvæmdanna á fuglalíf á framkvæmdatíma og einnig til lengri tíma lítið. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi sérstaka grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á æðarvarp í Hrótey í matsskýrslu vegna ónæðis og umferðar og jafnframt vegna auðveldari aðgangs minks í eyna vegna þverunar Mjóafjarðar eins og fram kemur í umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun er ekki fjallað um ferskvatnsfisk. Þar sem það hefur ekki verið gert telur Skipulagsstofnun að í matsskýrslu þurfi að fjalla á skýran hátt um hvort og þá hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á fiskgengd jafnt vegna þverana fjarða og vegagerðar og efnistöku við fiskgengar ár.

Vatnsskipti, sjávarföll, lífríki sjávar, lífríki fjöru og leira.

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kafla 5.3 og 6 er m.a. greint frá því að fyrirhugaður vegur muni að hluta og eftir valkostum liggja yfir leirur, fjörur og þvera firði. Ennfremur er minnst á vatnsskipti, lífríki sjávar og fjöru. Ekki kemur skýrt fram í tillögu að matsáætlun hvernig fyrirhugað er að standa að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á þessa þætti. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla á skýran hátt um mat á áhrifum þverunar Mjóafjarðar á vatnsskipti, sjávarföll og lífríki innan fjarðar og áhrifum framkvæmdanna á fjörur, leirur og lífríki þeirra ásamt þeirri aðferðafræði sem var beitt við matið eins og fram kemur í umsögnum Hafrannsóknarstofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins og Súðavíkurhrepps. Sams konar upplýsingar þurfa að koma fram í matsskýrslu um þann kost að þvera Reykjafjörð.

Landnotkun

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kafla 2.3 og 7 er fjallað um landnotkun, kynningu og samráð. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu komi fram hver séu áhrif framkvæmdanna á grasnytjar, dúntekju, veiðar úr ám, veiðar og sjávarnytjar vegna fyrirhugaðra þverana Mjóafjarðar og Reykjafjarðar og ferðamál, t.d. áhrif þverunar Mjóafjarðar á siglingar inn fjörðinn. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmdanna á vatnsból eins og fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Verndarsvæði

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram í kafla 2.1, 2.4, 2.6.1, 2.6.2, 5.3, 5.3.3, 5.3.4 og 6 að fyrirhugaður vegur muni að hluta og eftir valkostum liggja um verndarsvæði samkvæmt t.l. 2iii í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla á skýran hátt um áhrif veglagningar og efnistöku á þau verndarsvæði sem kann að verða raskað með fyrirhuguðum framkvæmdum.

Efnistaka

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun t.d. kafla 4 og 5.3.5 er fjallað um efnistöku. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúruverndar ríkisins og telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um efnistöku. Mikilvægt er að í matsskýrslu verði uppdrættir sem sýni staðsetningu og mörk allra fyrirhugaðra efnistökuastaða.

Aðrar framkvæmdir

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um vegaáætlun í Ísafjarðardjúpi, þ.m.t. hvort áætlunin geri ráð fyrir þverun Ísafjarðar í framtíðinni eins og fram kemur í umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Hólfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl:

Álit umsagnaraðila og athugasemjenda:

Afrit :

Súðavíkurreppur, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit
Vestfjarða, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun og veiðimálastjóri.